

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?

Verktakar með samning við forsætisráðuneytið í maímánuði 2011.

Fjöldi verktaka	Lýsing verks
1	Verkefnastjórnun viðburða og dagskrár í tengslum við hátíðahöld í tilefni af tveggja alda afmæli Jóns Sigurðssonar.
2	Ráðgjöf til starfshóps um mótun stefnu um sjálfstæðar úrskurðarnefndir.
1	Vinna fyrir nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.
1	Kennsla á námskeiði innan Stjórnarráðsins um verkefnastjórnun.

Við vinnslu svarsins var miðað við verktakasamninga við sérfræðinga sem starfa fyrir ráðuneytið við smíði frumvarpa, gerð skýrsla og greinargerða, greiningar eða aðra sérfræðivinnu á vegum ráðuneytisins. Svarið nær til þeirra sem sinna slíkum verkefnum á grundvelli sérstaks verktakasamnings eða samkvæmt samkomulagi við ráðuneytið þegar svarið er unnið, þ.e. í maímánuði 2011. Einungis eru tilteknir þeir aðilar sem eru að vinna afmörkuð verkefni fyrir ráðuneytið. Í samræmi við samskipti við fyrirspyrjanda við vinnslu svarsins eru ekki tilteknir verktakasamningar við iðnaðarmenn, hönnuði eða ræstingafólk.